



23. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Mánudaginn 2. apríl 2007, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi frá Rarik.
2. Sundlaugarbygging.
3. Erindi frá SAH.
4. Auglýsing frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti v alþingiskosninga.
5. Auglýsing frá sjávarútvegsráðuneyti v. byggðakvóta.
6. Erindi frá menntamálaráðuneyti.
7. Afrit af erindi frá félagsmálaráðuneyti og af bréfi Jónasar Skaftasonar.
8. Erindi frá Veðifélagi Blöndu Svartár.
9. Erindi frá meðlimi kórs HSB.
10. Umsókn um lóð fyrir einbýlishús.
11. Umsókn um lóð fyrir einbýlishús.
12. Athugasemdir vegna álagningar gjalda.
 - a. Sbr. fundargerð bæjarráðs frá 21. mars sl. liður 5. a, d, e, f, h, i.
 - b. Hlynur Tryggvason.
13. Til kynningar:
 - a. Fundargerð 221. fundar Launanefndar sveitarfélaga.
 - b. Fundargerð héraðsráðs.
 - c. Kynningarglæsur um EBÍ.
14. Afskriftir.
15. Starfsmannamál.
16. Erindi frá stjórn Harmonikkuunnenda.
17. Önnur mál.

Afgreiðslur:

Áður en formaður setti fund risu bæjarfulltrúar og bæjarstjóri úr sætum til að votta minningu Gríms Gíslasonar, heiðursborgara Blönduóssbæjar, virðingu með einnar mínútu þögn. Að því loknu var gengið til dagskrár.

1. **Erindi frá Rarik.**

Sótt er um leyfi fyrir lagningu endurnýjaðrar stofnæðar hitaveitu í gegnum land Blönduóssbæjar og lóð fyrir dælustöð við Blöndubrú.
Bæjarráð samþykkir erindið og vísar því til umsagnar í skipulags-, byggingar- og veitunefnd.
2. **Sundlaugarbygging.**

Fram lagðir punktar íbúafundar um sundlaugarmál sem haldinn var miðvikudaginn 28. mars sl. Umræður urðu um sundlaugarbyggingu. Bæjarráð felur bæjarstjóra og byggingarfulltrúa að koma af stað teymisvinnu fagaðila þar sem unnið verði með hugmyndir að útilaug, annars vegar 16,7m x 10,4 m ásamt tveim stöðluðum pottum, vaðlaug og rennibraut og hinsvegar 25m x 8m laug með einum stórum potti, vaðlaug og rennibraut.
3. **Erindi frá SAH.**

Í ljósi nýrra reglugerða um bann við urðun sláturúrgangs bendir framkvæmdastjóri fyrirtækisins á að víðs vegar um land hafa sveitarfélög og fyrirtæki tekið höndum saman um jarðvegsgerð á lífrænum úrgangi. Bæjarráð tekur jákvætt í það að kannaðir verði möguleikar á stofnun félags sem hafi það að markmiði að finna lausn á meðhöndlun lífræns úrgangs í sýslunni.
4. **Auglýsing frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti v alþingiskosninga.**

Ákveðið hefur verið að greiða skuli úr ríkissjóði kostnað sem sveitarfélög bera af kosningum Alþingis en sveitarfélög vinni áfram að skipulagningu kosninganna. Lagt fram til kynningar.



5. **Auglýsing frá sjávarútvegsráðuneyti v. byggðakvóta.**
Ráðuneytið gefur sveitarstjórnnum kost á að sækja um byggðakvóta á grundvelli 10. gr. laga nr. 116/2006. Umsóknarfrestur er til 4. apríl 2007. Bæjarstjóra falið að undirbúa umsókn og sækja um byggðakvóta til ráðuneytisins.
6. **Erindi frá menntamálaráðuneyti.**
Lagt fram til kynningar upplýsingar um aðalnámskrá grunnskóla.
7. **Afrit af erindi frá félagsmálaráðuneyti og af bréfi Jónasar Skaftasonar.**
Fram lagt til kynningar afrit af svarbréfi ráðuneytisins til Jónasar Skaftasonar vegna erindis hans dags. 20. nóvember 2006 ásamt afriti af svarbréfi Jónasar til ráðuneytisins dags. 18. mars 2007.
8. **Erindi frá Veidifélagi Blöndu Svartár.**
Óskað er eftir heimild bæjarstjórnar til framkvæmda við að auðvelda aðgengi stangveiðimanna að Blöndu í landi sveitarfélagsins að sunnan/vestan. Bæjarráð vísar erindinu til nánari umfjöllunar í skipulags-, byggingar- og veitunefnd.
9. **Erindi frá meðlimi kórs HSB.**
Sótt er um styrk vegna væntanlegs ferðalags kórfélaga til Færeyja. Bæjarstjóra falið að svara erindinu.
10. **Umsókn um lóð fyrir einbýlishús.**
Lárus B. Jónsson, f.h. Búrfjalla sækir um lóð fyrir einbýlishús á svæði því sem verið er að skipuleggja norðan við leikskólann. Bæjarráð bendir á að ekki er hægt að úthluta lóðum fyrr en endanlegt deiliskipulag liggur fyrir. Lóðirnar verða auglýstar þegar deiliskipulag hefur verið samþykkt.
11. **Umsókn um lóð fyrir einbýlishús.**
Zophanías Ari Lárusson sækir um lóð fyrir einbýlishús á brekkubrúninni norðan við leikskólann. Bæjarráð bendir á að ekki er hægt að úthluta lóðum fyrr en endanlegt deiliskipulag liggur fyrir. Lóðirnar verða auglýstar þegar deiliskipulag hefur verið samþykkt.
12. **Athugasemdir vegna álagningar gjalda.**
 - a. **Sbr. fundargerð bæjarráðs frá 21. mars sl. liður 5. a, d, e, f, h, i.**
 - 5.a. **Bæjarblómið.**
Bæjarráð samþykkir sorpgjaldflokk B.
 - 5.d. **Krákur ehf.**
Bæjarráð hafnar erindinu enda gjaldtaka í samræmi við sambærilega starfsemi.
 - 5.e. **Búrfjöll ehf.**
Bæjarráð samþykkir sorpgjaldflokk A.
 - 5.f. **Lagnaverk ehf.**
Bæjarráð hafnar erindinu enda gjaldtaka í samræmi við sambærilega starfsemi.
 - 5.h. **Móberg, sumarhús.**
Erindi hafnað. Vísað er til 13.gr. og 17. gr. samþykkt um fráveitur og rotþrær í Blönduósbæ.
 - 5.i. **Móberg, lögbýli.**
Erindi hafnað. Vísað er til 13.gr. og 17. gr. samþykkt um fráveitur og rotþrær í Blönduósbæ.
 - b. **Hlynur Tryggvason.**
Afgreiðslu frestað. Bæjarstjóra falið að leggja fram gögn varðandi umræðu um álagningu ræktunarrhólfa á næsta fundi bæjarráðs.
13. **Til kynningar:**
 - a. **Fundargerð 221. fundar Launanefndar sveitarfélaga.**
Fundargerðin er frá 27. mars 2007.
 - b. **Fundargerð héraðsráðs.**
Fundargerðin er frá 21. febrúar 2007.



c. Kynningarglærur um EBÍ.
Lagt fram til kynningar.

14. Afskriftir.

Bókað í trúnaðarbók.

15. Starfsmannamál.

Þrjár umsóknir bárust um starf sviðsstjóra fræðslu-, félags- og menningarsviðs.

- Einar Kolbeinsson.*
- Hörður Ríkharðsson.*
- Ólafur Als.*

Formaður gerði tillögu um að Einar Kolbeinsson verði ráðinn í starfið. Tillagan var borin upp. Tveir samþykktu.

Ágúst Þór Bragason lagði fram svohljóðandi bókun:

"Undirritaður óskar eftir því að lagður verði fram rökstuðningur fyrir því hvers vegna gengið er fram hjá fastráðnum starfsmanni Blönduóssbæjar í ráðningu sviðsstjóra. Umsókn hans ber það með sér að hann hefur bæði meiri menntun og fjölhæfari starfsreynslu en aðrir umsækjendur. Undirritaður harmar málsmeðferð annarra bæjarráðsfulltrúa á málinu og óskar eftir að umrædd gögn verði lögð fram á næsta bæjarstjórnarfundu. Undirritaður lítur svo á að þar sem ágreiningur er um málið sé því vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar". Ágúst Þór Bragason

16. Erindi frá stjórn Harmonikkunnenda.

Sótt er um lækun eða niðurfellingu fasteignaskatts að Þverbraut 1. Bæjarráð hafnar erindinu.

17. Önnur mál.

a. Bæjarstjóra falið að leggja fram drög að úthlutunarreglum íbúðarlóða til umfjöllunar í bæjarráði.

b. Svohljóðandi tillaga lögð fram og samþykkt samhljóða: Haldinn verði opinn fundur um byggða- og atvinnumál á Norðurlandi vestra í lok maímánaðar á Blönduósi. Skipuð verði nefnd um skipulagningu fundarins sem í eiga sæti bæjarstjóri, formaður bæjarráðs og fulltrúi minnihluta ásamt starfsmanni Blönduóssbæjar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

*Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)*

*Áheyrnarfulltrúi:
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Fundi slitið kl. 19:00.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)